

Ísland: Yfirlýsing sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í lok árlegrar heimsóknar samkvæmt 4. grein Stofnsáttmála sjóðsins, ásamt þriðju umræðu vegna eftirfylgni við efnahagsáætlun AGS og stjórnvalda, 14. júní, 2013.

Meðfylgjandi er lausleg þýðing á lokayfirlýsingunni:

Efnahagsbati íslenska hagkerfisins er á góðri leið og útlit er fyrir áframhaldandi hægfara hagvöxt. Mikilvægasta áskorunin er að leggja grunn að traustum hagvexti með því að leysa úr þeim vandamálum sem síðasta þensla og hrun skildu eftir. Þetta kallar á afnám fjármagnshafta án þess að veikja erlenda stöðu þjóðarbúsins, að hrinda í framkvæmd varanlegum aðgerðum til að bæta stöðu ríkisfjármála og frekari eflingu á viðnámsprótti fjármálakerfisins.

- 1. Efnahagsbatinn heldur áfram en áhrifa frá hruninu gætir enn í hagvexti.** Atvinnuleysi fer enn minnkandi en hægt hefur á hagvexti vegna hægari erlendra eftirspurnar og skuldaskila einkageirans. Aðstæður á fjármálamarkaði hafa batnað en fortíðarvandi heldur aftur af útlánaaukningu. Óvissa vegna afnáms fjármagnshafta hefur neikvæð áhrif á traust og fjárfestingar. Ávinningi í samkeppnishæfni hefur verið viðhaldið sem ætti að hjálpa til við að laða að fjárfestingu og styðja við efnahagsbatann. Spáð er um tveggja prósentu árlegum hagvexti næstu fimm árin.
- 2. Takast þarf á við fortíðarvanda.** Til að afnám fjármagnshafta gangi örugglega fyrir sig þarf skýra og alhliða áætlun til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á hagvöxt. Taumhald peningastefnunnar og umgjörð hennar þarf að miðast að því að ná verðbólgu að verðbólgu markmiðinu. Ljúka þarf aðlögun ríkisfjármála til að minnka skuldir hins opinbera og styðja við hagvöxt. Áhættu innan fjármálakerfisins þarf að minnka til að efla stöðugleika.

Fjármagnshöft – Trúverðugri áætlun komið á

- 3. Skipulegt afnám fjármagnshafta kallar á alhliða nálgun.** Í fyrsta lagi þarf að ljúka uppgjöri gömlu bankanna, þar á meðal afgreiðslu á skuldabréfi Landsbankans, með þeim hætti að það samrýmist fjármálastöðugleika og erlendri stöðu þjóðarbúsins. Í öðru lagi þarf að bæta hvata til að auka þátttöku í áætlun stjórnvalda til að losa kvikar krónueignir erlendra aðila. Þetta er hægt að gera með því að birta nákvæma áætlun með ákveðnum tímamörkum sem gerir grein fyrir stöðu þeirra sem ekki taka þátt. Auk þess þarf að tryggja staðfasta framfylgni áætlunarinnar. Í þriðja lagi er hægt að halda aftur af hugsanlegu fjármagnsútlæði frá innlendum aðilum eftir losun fjármagnshafta með þar til gerðum „hraðatak mörkunum“ eða með því að aflétta fjármagnshöftum í áföngum af ákveðnum flokkum eigna. Þetta ferli þarf að styðja við með öflugum varúðarreglum og eftirliti.

Peningastefnan – festa í sessi árangurinn við að ná niður verðbólgu

4. **Aðhald peningastefnunnar er í samræmi við markmið Seðlabankans um verðbólgu.** Ekki þarf að breyta stýrivöxtum mikið til að færa verðbólgu smám saman að markmiði sínu, þar sem heldur hefur dregið úr efnahagssumsvifum. Inngríp á gjaldeyrismarkaði í vetur drógu úr áhrifum gengislækkunar sem stafaði af tímabundnum áhrifavöldum. Horft fram á veginn, þá ætti að hefja aftur kaup á gjaldeyri til að byggja upp óskuldsettan gjaldeyrisforða.

Ríkisfjármál - tryggja ber varanlega styrkingu (e. sustainable consolidation)

5. **Markmið ríkisfjármála á Íslandi eru við hæfi.** Markmiðin, þar á meðal heildarjöfnuður árið 2014 og fimm prósent frumafgangur 2016, eru viðeigandi, þar sem þau munu styðja við hagvöxt, tryggja að skuldir lækki og efla fjárhagslegt svigrúm til að mæta nýrri áhættu, meðal annars vegna Íbúðalánasjóðs. Með því að halda óbreyttri stefnu verður tiltrú markaðarins haldið við. Það mun halda aftur af fjármagnskostnaði og styðja áframhaldandi aðgang að lánamörkuðum, sem er nauðsynlegt til að ná árangri í losun fjármagnshafta.
6. **Frekari aðgerðir eru, hins vegar, nauðsynlegar til að ná settum markmiðum.** Eins og horfir mun vanta um eitt prósent af vergri landsframleiðslu (VLF) upp á að markmið um halla á fjárlögum fyrir árið 2013 (1,3 prósent af VLF) náist. Þetta stafar af umfram útgjöldum, afturköllun á áætluðum tekjustofnum og minni hagvexti. Hægt er án vandræða að aðlaga markmiðið fyrir árið 2014 með tilliti til minni hagvaxtar (0,2 prósent af VLF). Til að ná endurskoðuðu markmiði þarf samt sem áður viðbótaraðgerðir sem svara til 1½ prósentu af VLF á næstu 18 mánuðum.
7. **Það er lítið svigrúm í ríkisfjármálum fyrir frekari lækkun skulda heimilanna.** Nýjar aðgerðir ætti að takmarka við heimili í vanda sem falla ekki innan ramma þeirra úrræða sem nú eru í boði. Þá er einnig svigrúm til að efla skuldaendurskipulagningu hjá Íbúðalánasjóði. Að auki ættu stjórnvöld að finna og yfirvinna hindranir til að hraða endurskipulagningu skulda innan ramma starfssviðs Umboðsmanns skuldara.
8. **Það er svigrúm til að bæta gæðin á aðlögun ríkisfjármála.** Ekki ber að reiða sig á einkiptisaðgerðir, líkt og eignasölu eða sérstakar arðgreiðslur. Í þessu sambandi bendir samanburður á milli landa til þess að hægt sé að ná fram verulegum sparnaði í mennta- og heilbrigðismálum án þess að minnka þjónustu. Athuga má einnig að draga úr stuðningi við landbúnað og gera félagslega fjárhagsaðstoð markvissari. Almenn séð mun agi í ríkisfjármálum og ábyrgð styrkjast með því að samþykkja lagafrumvarp um Opinber fjármál.

Fjármálakerfið – Tekið á fortíðarvanda

9. **Sú mikla áhætta sem enn er fyrir hendi kallar á eflingu eftirlits með fjármálakerfinu.** Halda verður áfram að ná árangri við að draga úr vanskilum á grundvelli ábyrgrar meðhöndlunar á endurskipulagningu lána og öflugs staðbundins eftirlits. Bankar ættu að viðhalda sterkri eiginfjárstöðu og lausafjársvigrúmi og bæta samsetningu fjármögnunar. Efla þarf öryggisnet fyrir fjármálakerfið og tillögur um sameiginlegan ramma um þverstofnanaleg viðbrögð við kerfisáhættu ætti að hrinda í framkvæmd.

10. **Endurmóta þarf Íbúðalánasjóð.** Æskilegt væri að óháðir sérfræðingar endurskoðuðu tilgang og uppbyggingu sjóðsins vegna þeirrar áhættu sem stafar af starfsemi hans. Leitast skal við að finna langtímalausn sem er fjárhagslega sjálfbær. Fjármálaeftirlitið ætti að koma náið að því máli og meta til að byrja með eiginfjárþörfina.

Við þökkum stjórnvöldum og öðrum viðmælendum fyrir hreinskilnar og uppbyggilegar viðræður.